

158 umsjón og fjárhald kirkna, 12. maí 1882, að leitað verði samkomulags við söfn-
21. des. uðina í kirkjusóknum þeim í amtinu, þar sem kirkjan er eign lands-
sjóðs, um, að þeir taki að sjer umsjón og fjárhald kirknanna, og við
þá söfnuði, sem ekki eru ófáanlegir til þess, um skilmálana fyrir því,
að þeir taki hlutaðeigandi kirkjur að sjer. Um árangurinn af þessum mála-
leitunum vona jeg síðan að fá skýrslu ásamt með álit yðar um tilboð þau, sem
sem kynnu að koma fram.

159 *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um ráðstafanir til eyðingar*
23. des. **refa.** — Á síðasta alþingi ályktaði neðri deild þingsins að skora á landshöfðingi-
ann að skipa svo fyrir, að sýslunefndir og amtsráð láti í ljósi álit sitt um það
fyrir næsta alþingi, hvort eigi væri unnt að gjöra frekari ráðstafanir, en nú eigi
sjer stað, til eyðingar refum hjer á landi.

Jafnvel þótt jeg gjöri ráð fyrir, að sýslunefndirnar sjeu nú þegar búnar
að fá löggiltar reglugjörðir um eyðing refa, samkvæmt heimild þeirri, sem til
þess er veitt í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, vil
jeg verða við áminntum tilmælum þingdeildarinnar, og skal jeg því þjónustu-
samlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir sýslunefndirnar í ömtum
þeim, sem þjer eruð skipaður yfir, að láta uppi álit sitt um það, hvort unnt
muni vera að gjöra nokkrar, og ef svo er, þá hverjar frekari ráðstafanir en nú
eiga sjer stað til eyðingar refum hjer á landi. Álit sýslunefndanna í hvoru
amti bið jeg yður síðan að leggja fyrir hlutaðeigandi amtsráð til ihugunar og
umsagnar, og senda mjer síðan álit sýslunefndanna og amtsráðanna svo tíman-
lega, að jeg geti lagt þau fram á næsta alþingi.

160 *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um nýja skipun læknahjerað-*
28. des. **anna.** — Á síðasta alþingi ályktaði neðri deild þingsins að skora á stjórnina, að
leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um nýja skipun læknahjeraðanna,
og var það tekið fram undir umræðunum, að rjettasti vegurinn til undirbúnings
þessa máls væri, að leita upplýsinga hjá sýslunefndum um, hvar lækna sje þörf
sjerstaklega í hlutaðeigandi sýslu.

Jeg skal því þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja
fyrir sýslunefndirnar í ömtum þeim, sem þjer eruð skipaður yfir, að láta uppi
hver fyrir sitt sýslufjelag álit sitt og uppástungur um þær breytingar á hinni
núverandi skipun læknahjeraðanna, sem að þeirra hyggju eru nauðsynlegar til
þess að sýslubúar geti orðið aðnjótandi læknishjálpar, svo við verði unað, en
þó þannig, að landssjóði verði ekki íþyngt um of, og væri æskilegt, að lækni
þeim eða læknum, sem gegna hjeraðslæknis- eða aukalæknisstörfum í hlutaðeig-
andi sýslufjelagi væri gefinn kostur á að mæta á sýslufundi þeim, sem mál
þetta verður rætt á, og taka þátt í umræðunum um það. Álit sýslunefndanna
bið jeg yður því næst að senda mjer sem fyrst, ásamt þóknanlegum ummæl-
um yðar.